

Sp. 132. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um heildarlöggjöf varðandi málefni vangefinna.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Sverrir Bergmann, Sigurlaug Bjarnadóttir,
Bragi Sigurjónsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um heildarskipulag varðandi öll málefni vangefinna.

Löggjöfin taki mið af þessum meginatriðum:

1. Stefnt skal að því að koma á heildarkerfi, framtíðarskipan í samræmi við þau viðhorf sem ríkja í þessum málum og þær þjóðir byggja á sem lengst eru á veg komnar.
2. Löggjöfin spanni þannig yfir heilsugæslu, kennslu og þjálfun og félagslega þjónustu hvers konar og samræmi alla þessa þætti undir einni heildarstjórn.

Greinargerð.

Þegar litið er til málefna vangefinna hérlendis í heild má segja að tvennt sé þar mest áberandi:

Heildarlöggjöf, sem varðar alla helstu þætti í vanda þessa fólks, skortir. Til eru aðeins lög um fávitastofnanir frá árinu 1967, sem eru hvort tveggja of þröng og um margt úrelt í ljósi nýrra viðhorfa. Þetta blasir við á flestum sviðum og þó einkum í vissri vanrækslu samfélagsins hvað snertir þroskun og þjálfun þessa fólks. Ber þó síst að vanmeta það sem vel hefur verið gert.

Hitt einkennið er í raun bein afleiðing af því fyrra, þ. e. að framkvæmd þessara mála er frábrugðin því sem gerist annars staðar, þar sem heildarlöggjöf er skýr og samfélagið gengur á undan í öllum aðgerðum og samræmingu hinna ýmsu þátta. Hérlendis hefur áhugastarfið verið meira áberandi og um margt ágætt, en hvort tveggja leiðir þó um of til fálkmenndra vinnubragða.

Höfuðatriðin, sem ganga verður út frá í málefnum vangefinna, eru: Jafnrétti til þeirra samfélagslegu gæða, sem aðrir njóta, og aðhæfing þessa fólks að þjóðfélaginu í eins ríkum mæli og mögulegt er með skipulegum aðgerðum. Í hvoru tveggja varðar það mestu að starfið sé hafið sem fyrst, því meiri eru möguleikarnir til sem eðlileg-
astra lifnaðarháttá, því meiri eru þroskamöguleikarnir almennt.

Um tvennt er að ræða fyrir löggjafann: endurskoðun núgildandi laga eða nýja heildarlöggjöf.

Sé litið til Norðurlandanna fer ekki milli mála hvor leiðin er réttari. Löggjöfin þar getur varðað okkar veg, en því aðeins að um heildarlöggjöf verði að ræða. Má í því sambandi minna á löggjöf svía, norðmanna og dana, sem allar hafa leitt af sér miklar breytingar til bóta, einkum hvað snertir menntunarþáttinn og starfsmögu-
leikana. Þar hafa heilbrigðis-, mennta- og félagslegu þættirnir verið samræmdir og skipulega verið að því unnið að t. d. menntakerfið væri sem minnst frábrugðið hinu almenna menntakerfi: dagheimili, forskóli, grunnskóli, starfsnám. Hér eigum við mikið verk óunnið. Að vísu má benda á ítarlegt uppkast að reglugerð um sér-
kennslumál sem liggur nú í menntamálaráðuneytinu og er beinlínis við þetta miðuð.

Okkur skortir heildarstjórn — ábyrgan aðila í stjórnkerfinu, t. d. í félagsmála-
ráðuneytinu svo sem er hjá dönum, sem hefur heildaryfirsýn yfir öll þessi mál og sér um samræmingu þeirra og um leið að ekkert þeirra verði útundan. Með samstarfs-
nefnd þeirra aðila, sem með þessi mál ættu að fara í framkvæmd, mætti ráða hér á nokkra bót, og þó að heildarstjórn væri í ákveðnu ráðuneyti þyrfti það engan veginn að hindra þetta fyrirkomulag, heldur þvert á móti auðvelda samstarfið.

En ábyrgur aðili í stjórnkerfinu er nauðsyn. Sér til ráðuneytis gæti sá aðili haft ráðgjafarnefnd, svo sem er á hinum Norðurlöndunum.

Ráðgjafarþjónusta — ráðgjafar- og greiningarstöð fyrir vangefna — þarf að komast á sem fyrst, því að hvert glatað ár hins vangefna er honum dýrt.

Norðmenn hafa t. d. í einstökum fylkjum skipulagt slíka þjónustu og um leið kynnt fólki alla möguleika sem fyrir hendi eru. Þá möguleika er suma ekki að finna í dag hjá okkur. Reykjavík er komin nokkuð á veg, en landsbyggðin á fárra eða engra kosta völ enn þá.

Í nýrri heildarlöggjöf kæmi því vel til greina að skipta landinu í nokkur svæði með tiltölulega rúmri heimastjórn í málefnum vangefinna, en undir stjórn ráðgjafarmið-
stöðvar og ráðuneytis hér í Reykjavík. Allt eru þetta hugmyndir sem nánar munu raktar í framsögu ásamt fleiru, en mikið má af nágrönnum okkar læra, enda mun löggjöf þeirra gerð nánari skil.

Í heildarlöggjöf sem slíkri þarf margs að gæta: Heilsugæsla vangefinna er t. d. mun þýðingarmeiri og viðameiri en annarra, svo sem auðskilið er. Jafnrétti til fyllsta þroska, til starfsmöguleika úti í þjóðfélaginu eða á vernduðum vinnustöðum hlýtur að vera sjálfsagt markmið. Menntunarþáttinn þarf að stórbæta, og eru þegar uppi tillögur í þeim efnum sem eru ærið verkefni ef framkvæmdar yrðu. Sá þáttur er auðvitað í nánnum tengslum við atvinnuþáttinn, þ. e. á hvern hátt megi nýta sem

best starfskrafta vangefinna í þágu þeirra sjálfra og þjóðarheildar. Menntunarþátturinn, sem að leiðbeinendum og ráðgjöfum snýr, er skammt á veg kominn enn, en hlýtur þó að teljast frumforsenda þess að þjálfun og þroska vangefinna verði sem best sinnt. Ráðgjöf til aðstandenda þarf og að stóraukast, tryggt þarf að vera að hinir vangefni njóti fyllsta réttar í tryggingakerfi okkar og þar verði enginn útundan.

Sú heildarlöggjöf, sem tillaga þessi beinist að, á að vera rúm og af viðsýni gerð. Hún þarf að tryggja rétt hins vangefna, jafnrétti við aðra þegna, og hún á að beinast að því að koma hverjum og einum sem lengst á þroskabraut — með námi og þjálfun — svo hinn vangefni megi verða sem hlutgengastur í samfélaginu, eigi þar sína fyllstu möguleika. Án samræmnds, skipulegs átaks verður þessu marki seint eða ekki náð. Því er tillaga þessi flutt.